

Reykjavík, 10. ágúst 2018

334. fundur

Lagt fyrir fund velferðarráðs 10. ágúst 2018

Tillaga

Velferðarráðs:

Lagt er til að velferðarráð samþykki að keypt verði húsnæði fyrir nýtt neyðarskýli fyrir unga heimilislausa karla í vímuefnaneyslu. Settar verði 60 mkr. í stofnkostnað vegna úrræðisins og útgjöld til málaflokksins aukin um 135 mkr. á ári f.o.m. janúar 2019.

Greinargerð:

Með utangarðsþjónustu er átt við þjónustu fyrir fjölbreyttan hóp fólks sem af ýmsum ástæðum er heimilislaust. Í nágrannalöndum okkar er hópurinn kenndur við húsnæðis- eða heimilisleysi (e. roofless og homeless), en hér á landi hefur orðið utangarðsfólk verið notað. Algeng einkenni í þessum hópi eru fíkn og neysla, geðrænn vandi, frávik í þroska, saga um áföll og félagslegir erfiðleikar - oftast en ekki blanda af þessum þáttum. Flestir sem tilheyra þessum hópi eiga rétt á heilbrigðisþjónustu vegna veikinda og fíknar og njóta fjárhagslegs stuðnings frá Tryggingastofnun vegna örorku og/eða jafnvel fötlun. Allir eiga svo rétt á þjónustu sveitarfélagsins vegna félagslegra erfiðleika og húsnæðisleysis.

Tillagan byggir á **Stefnu um málefni utangarðsfólks 2014-2018** sem samþykkt var á fundi velferðarráðs 13. febrúar 2014. Í tillögunni er gert ráð fyrir auknum stuðningi við unga einstaklinga sem eru heimilislausir og glíma við áfengis- og vímuefnavanda og/eða geðræn veikindi. Í neyðarskýlinu verður tekið á móti 15 einstaklingum.

Með nýju neyðarskýli verður hægt að aðgreina hóp yngri og eldri karla. Ungum mönnum, sem neyta vímuefna um æð hefur fjölgað hlutfallslega í Gistiskýlinu á undanförunum árum. Með því að hafa einstaklinga með ólíkt neyslumynstur og á ólíkum aldri undir sama þaki skapast hætta bæði fyrir þjónustuþega og starfsmenn. Stærð hópsins sem dvelur í Gistiskýlinu á hverri nóttu er 25 manns og er það mat starfsmanna að æskilegra sé að hafa einingarnar minni þar sem hægt er að þjónusta einstaklingana betur og veita meira öryggi. Með því eflast einnig forvarnir í utangarðsþjónustunni með aukinni sérhæfingu í þjónustu við yngri hóp karla, sem oftast glíma við fjölþættari vanda og hafa styttri neyðslusögu. Þessi hópur á að mörgu leyti ekki samleið með þeim hópi sem áður nýtti mest þjónustu Gistiskýlisins, sem er fyrst og fremst í áfengisneyslu. Eldri hópur einstaklinga eru jafnframt í þörf fyrir meiri þjónustu vegna aldurs og margs konar

heilsufarsvandamála. Í nýju neyðarskýli verður opið frá kl. 17:00 til kl. 10.00 næsta dags. Gert er ráð fyrir sambærilegri mönnun og í Gistiskýlinu. Aðkoma skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar og umhverfis- og skipulagssviðs er nauðsynleg til að finna hentuga staðsetningu fyrir nýtt skýli.

Áætlaður árlegur rekstrarkostnaður vegna nýs neyðarskýlis er 135 mkr. frá og með 2019. Í rekstrarkostnaði er innifalið húsaleiga, launakostnaður og annar rekstur. Auk þess er gert ráð fyrir stofnkostnaði upp á 60 mkr. ásamt kaupum á húsnæði, en sá kostnaður er ekki hluti af tillögunni.